



Borgarráð

**Álfsnes - viðauki við eigendasamkomulag**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi sbr. erindi SSH þar sem SSH er falið að senda fyrirbyggjandi drög til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaga. Þá er lagt til að borgarstjóra verði falið umboð til að undirrita ofangreindan viðauka.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi SSH til Reykjavíkurborgar – Eigendasamkomulag vegna Álfsness, dags. 11. september 2023.

Drög að viðauka við eigendasamkomulag um meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi – Trúnaðarmerkt.

Drög að eigendasamkomulagi – kynning frá eigendafundi Sorpu bs. dags. 4. september 2023 – Trúnaðarmerkt.



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 11. september 2023.  
Málsnr. 2308006  
PBG/HH

### **Efni: Eigendasamkomulag vegna Álfsness**

Á 43. fundar eigendavettvangs Sorpu bs., sem fram fór 4. september sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

*„Fyrirliggjandi eru drög að viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir. Gerð er tillaga um að drögnum verði vísað til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.*


#### **Niðurstaða:**

*Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi drög að viðauka við eigendasamkomulag vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.“*

Meðfylgjandi eru drög að viðauka við framangreint samkomulag svo og kynning Sorpu bs. á tildrögum og inntaki viðaukans. Er farið fram á að drögin verði tekin til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar viðauka við eigendasamkomulagið.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is) eigi síðar en 10. október næstkomandi. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

#### **Meðfylgjandi:**

Drög að viðauka við eigendasamkomulag um meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi.

Drög að eigendasamkomulagi – kynning frá eigendafundi Sorpu bs., 4. september 2023.